

## Söguskjóður – foreldratengt skólaverkefni með mörg markmið

Sveitarfélag:	Dalvíkurbyggð
Starfsmenn:	30
Heyrir undir:	Fræðslusvið Dalvíkurbyggðar
Tengiliður vegna verkefnis:	Helga Björt Möller, kennsluráðgjafi fræðslusviði
Tölvupóstur:	helgabjort@dalvikurbyggd.is

### Af hverju var farið í þessa framkvæmd?

Aðdragandi verkefnisins er sá að á undanförunum árum hefur börnum af erlendum uppruna fjölgað mikið í skólum sveitarfélagsins. Skólarnir hafa því verið að þróa og endurmeta starfshætti sína með þarfir þessara barna í huga og einnig foreldra þeirra.

Áhugi var á að efla enn frekar almenn tengsl skóla við foreldra og ekki síst foreldra af erlendum uppruna en það er alþekkt að jákvæðni og stuðningur foreldra skiptir lykilmáli í skólagöngu barna. Fulltrúi sveitarfélagsins kynnti sér foreldraverkefni sem unnið er að í Hollandi með góðum árangri. Í kjölfarið var ákveðið að fara af stað með foreldraverkefnið Söguskjóður í tveimur leikskólum sveitarfélagsins og síðar í einum grunnskólanum, að hluta til að hollenskri fyrirmynd. Verkefnið er ætlað öllum foreldrum sem eru tilbúnir í þátttöku í því, bæði íslenskum og erlendum en sérstök áhersla er á að auglýsa og kynna verkefnið vel erlendum foreldrum.



Verkefnið hefur margþætt markmið:

- það eykur tengsl foreldra við leikskóla/grunnskóla og eflir öryggi foreldra í sambandi við starf skólanna
- það ýtir undir að foreldrar kynnist sín á milli
- það styður við íslenskukunnáttu erlendra foreldra
- það verða til góð málörvandi gögn í skólunum sem öllum foreldrum er síðar boðið að fá lánuð heim til að vinna með börnum sínum
- það ýtir undir bóklestur barna og skemmtilegar samverustundir barna og foreldra við lestur, leik og spil

Foreldrar eru fengnir til að koma inn í skólann og útbúa stórar skjóður í tengslum við barnabækur. Í hverri skjóðu þarf að vera barnabók, fræðibók í tengslum við barnabókina, 4 mismunandi spil í tengslum við bókina, leikföng eða búningar tengdir bókinni, leiðbeiningar um notkun skjóðunnar, sönglög tengd henni og fleira. Við gerð skjóðanna fá foreldrar ítarlegar leiðbeiningar og stuðning en fá jafnframt að hafa sitt að segja um innihald skjóðunnar og eru hvattir til að leyfa sköpunargáfunni að blómstra. Foreldrar vinna saman í hópum að gerð skjóðanna og innihalds þeirra en starfsfólk skólanna aðstoðar í vinnunni.

## Framkvæmd

Skrifstofa fræðslu- og menningarsviðs Dalvíkurbyggðar sótti um styrk fyrir verkefninu til Próunarsjóðs innflytjendamála og fékk þann styrk til að fjármagna hluta verkefnisins. Auglýst var eftir foreldrum til að taka þátt í verkefninu og kynningarbréf voru send út á þremur tungumálum. Starfsmenn leikskóla ræddu verkefnið við foreldra og hvöttu þá til þátttöku. Sérstök áhersla var á að fá erlendu foreldrana inn í verkefnið. Hópur foreldra skráði sig í verkefnið og um helmingur þeirra voru erlendir foreldrar.



Í fyrsta rennsli verkefnisins fór vinnan fram í 9 skipti á fimmtudögum í febrúar og mars 2013 á milli kl. 16.15 og 18.15 á leikskólanum Krílakoti. Boðið var upp á ókeypis barnagæslu á öðru svæði leikskólans þannig að foreldrar þurftu ekki að útvega pössun fyrir börnin sín á meðan á vinnunni stóð. Á fyrsta vinnufundinum var verkefnið kynnt, búið var að útbúa ítarlegar leiðbeiningar um hvernig ætti að búa til Söguskjóðu og ein tilbúin skjóða höfð sem fyrirmynd. Foreldrum var skipt í vinnuhópa þeir unnu síðan að því að búa til skjóðu vikulega í 2 mánuði.

Í seinna rennsli verkefnisins var framkvæmdin svipuð en vinnuloturnar voru settar öðruvísi upp. Unnið var 3 fimmtudaga frá 16.15-18.15 og 2 laugardaga frá 10-13. Talið var að slíkt fyrirkomulag kæmi sér betur fyrir foreldra. Auðveldara var að fá foreldra til þátttöku í seinna rennslinu þar sem verkefnið hafði spurst út.

Vinnan gekk mjög vel, allir foreldrar höfðu styrkleika sem nýttust í vinnunni, óháð færni í íslensku en vinnan samanstóð af saumavinnu, málun, orðavinna, tölvuvinnu og fleiru. Þeir kennarar og starfsmenn sem tóku þátt í verkefninu hjálpuðu foreldrum eftir þörfum og voru meðvitaðir um að spjalla við foreldra, styðja þá erlendu í íslenskunni o.s.frv. Boðið var upp á veitingar á meðan á vinnunni stóð, bæði fyrir foreldrana og börnin.

Afrakstur vinnu foreldra urðu Söguskjóður, fallegar og vandaðar skjóður með barnabókum og leik- og námsefni þeim tengdum. Að sjálfsögðu voru foreldrar mjög stoltir af vinnunni sinni.

Verkefnið er að farið í gang í annað sinn og nú hefur annar grunnskólinn á svæðinu komið inn í verkefnið.

## Niðurstaða

Verkefnið lukkaðist vel og mikil ánægja kom fram hjá foreldrum og starfsfólki með það, m.a. á matsblöðum sem þeir voru beðnir um að fylla út við lok verkefnisins. Það kom í ljós að margir foreldrar eru ýmsum óvæntum hæfileikum gæddir og starfsfólk taldi sig sjá mun í samskiptum við nokkra foreldra sem tóku þátt í vinnunni og fannst tengslin við þau aukast til muna. Starfsfólk taldi sig líka sjá mun á aukningu í íslenskunotkun þeirra erlendu foreldra sem tóku þátt í verkefninu.

Foreldrar kynntust, kynntust leikskólanum betur og sumir lærðu frekari íslensku auk þess sem foreldrar leyfðu sköpunarþörfinni að njóta sín og höfðu gaman af. Foreldrar og börn eru svo byrjaðir að fá Söguskjóður lánaðar heim og mikil ánægja er með það, en skjóðurnar ýta undir gæðastundir foreldra og barna og njóta mikilla vinsælda. Jafnframt kynntust starfsmenn skólanna foreldrum betur og hefur það reynst farsælt fyrir leikskólastarf og aukið samskipti á öðrum sviðum, ísinn brotnaði.

### Lærdómur

Verkefnið er mjög fjölþætt eins og áður sagði. Við fundum að í gegnum verkefnið eflust tengslin við alla þá foreldra sem tóku þátt. Foreldrarnir kynntust húsnæði leikskólans vel, gengu um búnað og gögn leikskólans af öryggi og leið vel inni í skólanum. Við teljum mikilvægt að efla þessi tengsl svo foreldrar séu öryggir og jákvæðir gagnvart skólunum þar sem barnið þeirra eyðir gjarnan yfir helmingi vökutímans. Við teljum að foreldrarnir verði líka öruggari og meðvitaðri um nám barna sinna en markmiðið með gerð pokanna er auðvitað að búa til námsgögn sem eru bæði aðlaðandi og örvandi fyrir börnin.

Í gegnum verkefnið erum við búin að læra það hve áhrifaríkt það er að fara í maður á mann samskipti þegar verið er að óska eftir þátttöku foreldra varðandi skólastarfið. Send voru út kynningarbréf um verkefnið og óskað eftir þátttöku foreldra. Aðeins fáir skráðu sig í verkefnið eftir að hafa lesið bréfið. Þegar kennararnir fóru að ræða við foreldrana um verkefnið gekk mun betur að fá þátttakendur og þeir foreldrar sem skráðu sig í verkefnið eftir slík samskipti skiluðu sér frekar inn í verkefnið en þeir sem skráðu sig eftir að hafa eingöngu lesið kynningarbréfið. Barnagæsla hentar líka vel í verkefni sem þetta og var mikið nýtt.

Við teljum að verkefnið vinni gegn fordómum. Foreldrar með ólíkan bakgrunn koma inn í leikskólana og vinna að því að búa til námsgögn fyrir börnin. Mismunandi styrkleikar foreldranna fá að njóta sín í vinnunni og í ljós kemur að foreldrarnir eiga margt sameiginlegt og búa yfir ýmsum hæfileikum sem kennarar og aðrir foreldrar hefðu annars ekki vitað af, það má því segja að svokölluð „valdastaða“ hafi jafnast út í vinnunni. Kennararnir og foreldrar kynnast á annan hátt og aukið traust skapast þar á milli.

Oft vantar vettvang fyrir fólk af erlendum uppruna sem er að læra íslensku til að koma og tjá sig og komast inn í verkefni sem tengja það frekar inn í samfélagið. Vinnan við að útbúa Söguskjóður tengdar íslenskum barnabókum ýtir undir íslenskunotkun erlendra foreldra og ýmiskonar íslenskuvinnu. Þeir foreldrar sem eru að læra íslensku fá því kjörið tækifæri til að spreyta sig í íslenskunni í samskiptum, nálgast íslensk orð á fjölbreyttan máta í gegnum vinnuna (skrifa orðin upp á spil, búa til leiðbeiningar, velta fyrir sér inntaki bókar o.s.frv.) Allir njóta góðs af verkefni sem þessu, leikskólinn, foreldrar og börnin.



Við teljum verkefnið vera nýjungu í foreldrasamskiptum og nýjungu í samskiptum á milli heimilis og skóla sem ýti undir það að foreldrar, kennarar og skóli séu saman í liði að stuðla að auknum þroska og vellíðan barnanna.

### **Annað**

Hlekkur á kynningu um verkefnið sem haldin var á Morgunverðarfundi um menntun innflytjenda sem haldinn var á Grand hótél 3. maí 2013. <http://vimeo.com/65549959>

Fjölmenningsstefna skóla Dalvíkurbyggðar

<http://www.dalvik.is/resources/Files/Reglugerdir/fraedslu/Fjoldemningarstefnan-2012.pdf>

